

**REGLUGERÐ****um ríkisfangelsisdeild í lögreglustöðinni á Akureyri.****1. gr.**

Í húsnæði lögreglustöðvarinnar á Akureyri skal starfrækja ríkisfangelsisdeild, þar sem heimilt er að vista í allt að sex mánuði í senn gæslufanga, afplánunarfanga og þá, sem dæmdir eru til að sæta öruggri gæslu á viðeigandi stofnun.

**2. gr.**

Fangar skulu sæta þeim kjörum, sem reglugerð um fangavist nr. 260/1957 segir til um.

**3. gr.**

Bæjarfógetinn á Akureyri skal sjá um rekstur fangelsisdeilarinnar undir yfirmumsjón fangelsismáladeildar ráðuneytisins, og fangagæslu skal lögreglan á Akureyri annast.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 13. gr. sbr. 16. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. febrúar 1978.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Jón Thors.*

28. febrúar 1978.

Nr. 113.

**AUGLÝSING****um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 14. febrúar 1978.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskimjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 14. febrúar 1978:

Fiskmjöl, \$ 7.20 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1.00 = 216.30.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingum frá grundvallarverði án verðbils.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 28. febrúar 1978.*

**F. h. r.**

**Þórður Ásgeirsson.**

*Kristín Magnússon.*